

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna varðandi reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum:

Skóla- og frístundaráð samþykkir nýjar og uppfærðar reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Reglurnar taki gildi 1. nóvember 2021 og frá sama tíma falla úr gildi reglur um afhendingu farmiða til nemenda í grunnskólum borgarinnar, samþykktar í Menntaráði 3. nóvember 2005. Þegar samþykktur skólaakstur með skólabifreiðum heldur gildi sínu.

Greinargerð:

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. september 2021, hvað varðar forsögu máls þessa.